



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 135/2178
komudagur 14.4.2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. apríl 2008

Efni: umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál

Mikilvægustu nýjungina í frumvarpinu, að mati Samorku, er að finna í ákvæðum 10. gr. um landsskipulagsáætlun. Að mati Samorku er hér um áhugaverða nýjung að ræða sem gæti reynst skref til framfara, t.d. í tilvikum þar sem mismunandi skipulagsaðilar komast ella að gagnstæðri niðurstöðu. Í ljósi þeirrar miklu áherslu sem í frumvarpinu er lögð á samráð við hagsmunaaðila telur Samorka þó ástæðu til að bæta við upptalningu 3. mgr. á þeim aðilum hverra áætlanir um landnotkun skuli hafa til hliðsjónar. Er þar vísað til þeirra aðila sem skipuleggja og bera ábyrgð á grunnþjónustu á borð við raforkuflutning.

Þá er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir að breytingar séu gerðar á landsskipulagi. Þótt ekki sé hér mælt með tíðum breytingum á skipulagsáætlunum telur Samorka þó mikilvægt að lögin heimili í það minnsta að stefnu landsskipulags sé breytt utan hinnar hefðbundnu fjögurra ára endurskoðunar, líkt og heimilað er í tilvikum svæðis- og aðalskipulags (sbr. 27. gr. og 36. gr.).

Loks telur Samorka að ákveðið tækifæri til einföldunar getur falist í skilgreiningu á rammaskipulagi og bendir á að hugsanlega mætti nýta það til að komast hjá síendurteknum leyfisveitingaferlum fyrir sambærilegar framkvæmdir á einstökum svæðum.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri